

Fundargerð

199. fundur stjórnar HEF ehf. haldinn á Hótel Héraði, föstudaginn 11. desember 2015 kl. 12:00

Mættir eru: Gunnar Jónsson, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Guðbjörg Björnsdóttir, Sigríður Sigmundsdóttir, Skúli Björnsson og Guðmundur Davíðsson framkvæmdastjóri.

Af aðalmönnum er fjarverandi: Karl Lauritzson

Dagskrá:

1. Verðskrár og samþykktir
2. Innkomin erindi og fundagerðir, frestun frá fundi nr. 197
3. Skýrsla framkvæmdastjóra, væntanlegar framkvæmdir, bygginga- og skipulagsmál
4. Önnur mál

Gengið til dagskrár kl 12:10

Gunnar Jónsson stýrði fundi.

1. Verðskrár og samþykktir

Framlögð gögn: Samþykktum fráveitu HEF – uppkast; Gjaldskrá fráveitu HEF; Gjaldskrárbreytingar 1.1.2016

- a) Framkvæmdastjóri fór yfir framlagðar tillögur um breytingar á gjaldskrá hitaveitu sem verið hefur óbreytt síðan í febrúar 2013. Meðaltalshækkun er um 9% en verið er m.a. að samræma og einfalda gjaldskrá í dreifbýli. Stjórn samþykkir samhljóða að senda þessar tillögur til Orkustofnunar og Iðnaðarráðuneytis til afgreiðslu.
- b) Fram er lögð tillaga að breytingum á gjaldskrá fráveitu sem felur í sér hækkun á tengigjaldi en að öðru leyti breytist gjaldskráin í samræmi við byggingavísitölu desember 2015.
- c) Fram eru lögð drög að samþykktum um fráveitu, lagt fram til kynningar og framkvæmdastjóra falið leita eftir umsögn HAUST og málið tekið fyrir að nýju síðar.

2. Innkomin erindi og fundargerðir, frestun frá fundi nr. 197

- a) Fundarboð samráðsaðila um matjurtaræktun. Formaður og varaformaður sögðu frá fundinum.
- b) Fundargerð 5 - Fagráð fráveitna. Lögð fram til kynningar.
- c) Fundargerð 4 – Fagráð hitaveitna. Lögð fram til kynningar.
- d) Fundargerð 218 – Stjórn Samorku. Lögð fram til kynningar.

3. Skýrsla framkvæmdastjóra

- a) Framkvæmdastjóri sagði frá væntanlegum fundi vegna fráveituskýrslu.
- b) Framkvæmdastjóri fór yfir starfsmannamál.
- c) Framkvæmdastjóri fór yfir væntanlegan fund með umhverfis- og framkvæmdasviði sem haldinn verður kl. 8:30 á þriðjudaginn.
- d) Framkvæmdastjóri sagði frá rafmagnstruflunum og bilun í mótorrofa.

4. Önnur mál

- a) Næsti fundur 13. janúar 2016

Fundargerðin upplesin, samþykkt og fundi slitið kl. 13:49.

Fundargerð ritaði Skúli Björnsson